



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**114. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 17. febrúar 2023
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Elís Guðmundsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Pálmar Halldórsson, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Ingvar Arnarson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Baldur Ólafur Svavarsson, Karen María Jónsdóttir, Orri Björnsson, Stefán Már Gunnlaugsson, Svana Helen Björnsdóttir, Pawel Bartoszek og Jón Kjartan Ágústsson.

Fundargerð ritaði: Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

Pawel Bartoszek setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Græni stígurinn - fýsileikaskýrsla - 2301008

Á 112. fundi dags. 9. desember 2022 var ofangreint til umræðu og eftirfarandi niðurstaða skráð í fundargerð: Tillaga skv. minnisblaði samþykkt, verðfyrirspurn og greining hefjist í framhaldi fundar. Einnig verði haft samráð við Skógræktarfélag Íslands.

Í samráði við formann svæðisskipulagsnefndar hefur svæðisskipulagsstjóri gert samkomulag við lægstbjóðanda, Landslag landslagsarkitekta, um gerð fýsileikaskýrslu. Þráinn Hauksson frá Landslagi mætir og kynnir fyrirhugaða vinnu.

Einnig verður rætt verður um samstarf svæðisskipulagsnefndar og Skógræktarfélags Íslands vegna opins fundar um græna stíginn.

Gestir

Þráinn Hauksson, Landslag - 13:30

Kynnt og gögn lögð fram til kynningar.

2. Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010

Fyrirliggjandi er sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf. um stöðu og framgang verkefna, sbr. h-lið 6. gr. Samgöngusáttmálans.

Þorsteinn Rúnar Hermannsson og Þröstur Guðmundsson frá Betri Samgöngum ohf. kynna skýrsluna.

Gestir

Þorsteinn Rúnar Hermannsson og Þröstur Guðmundsson, Betri Samgöngur. - 13:50

Kynnt.



3. Svæðisskipulag - breyting á vaxtamörkum - Rjúpnahlíð - Garðabær - 2208011

Fyrir 110. fund lá tillaga að skipulagslýsingu um svæðisskipulagsbreytingu dags. október 2022 og var eftirfarandi niðurstaða skráð í fundargerð:
Svæðisskipulagsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi lýsingu að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015 - 2040. Lýsingin verði send aðildarsveitarfélögum til afgreiðslu sbr. 1. mgr.23. gr. skipulagslaga. Þá verði hún sérstaklega kynnt þeim sveitarfélögum sem þess óska. Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum.

Kynningartíma lýsingar er lokið og er erindið lagt fram að nýju ásamt minnisblaði svæðisskipulagsstjóra dags. 6. febrúar 2022 og fylgigögnum.

Frestað

4. Áherslur svæðisskipulagsnefndar 2022 til 2026 - Leiðarljós 4 heilnæmt umhverfi - 2211005

Framhald frá 113. fundi. Í kjölfar rýni svæðisskipulagsstjóra og svæðisskipulagsnefndar á leiðarljós fjögur og markmið og aðgerðum sem þar falla undir er erindið lagt fram að nýju. Svæðisskipulagsstjóri og formaður svæðisskipulagsnefndar hafa unnið úr ábendingum sem fram komu á fundum nefndarinnar og leggja fram minnisblað dags. 10. febrúar 2023 með tillögum.

Tekið undir tillögur sem fram koma í minnisblaði dags. 10. febrúar 2023.

Samþykkt

5. MOS Blikastaðaland-deiliskipulag verslunar, þj. og athafnasvæðis - 1910007

Fyrirbyggjandi er bréf skipulagsstjóra Mosfellsbæjar ódags. varðandi staðfestingu á deiliskipulagi fyrir Blikastaðand ásamt fylgigögnum.

Lagt fram til kynningar

6. SEL Gistipjónusta á íbúðarsvæði -Breyting á aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar - 2302002

Fyrirbyggjandi er bréf sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Seltjarnarnesbæjar dags. 26. janúar 2023 þar sem kynnt er tillaga á vinnslustigi að aðalskipulagsbreytingu. Tillagan varðar takmarkanir á starfsemi gistipjónustu innan íbúðarsvæða.

Ekki gerðar athugasemdir

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu